



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Jónsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 15. janúar 2008

Tilvísun: UST20071100178/ksj

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu vegna breytinga á þjóðvegi nr. 1, svæðið frá Kömbum að Ingólfsfjalli

Við er til erindis frá skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst þann 30. nóvember 2007 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi vegna færslu á þjóðvegi 1 frá Kömbum að Ingólfsfjalli.

Ofangreind tillaga að aðalskipulagsbreytingu felur í sér að kafli þjóðvegur 1 sem liggur frá Kömbum að Ingólfsfjalli mun færast í suðvesturátt frá því sem nú er.

Röksemdir sveitarfélagsins Ölfuss fyrir færslu eru að vegstæði verði öruggari fjær byggð, það verði færri mislæg gatnamót og minni hávaðamengun. Vegagerðin og Hveragerði hafa lagt áherslu á að vegurinn verði sem mest óbreyttur.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillöguna.

Náttúruminjar

Á því svæði sem hér er til skoðunar fer þjóðvegur 1 yfir Varmá sem er á náttúruminjaskrá. Núverandi vegstæði fer yfir Varmá rétt norðan við Ölfusforir sem er votlendi á náttúruminjaskrá. Um Varmá og Ölfusforir segir í skránni "**Varmá og Ölfusforir, Ölfushreppi, Grafningshreppi, Arnessýslu.** (1) Varmá frá upptökum ásamt Ölfusforum. Mörk svæðisins að vestan fylgja túnjöðrum frá Varmá að Hrauni ásamt Þurárhrauni. Að austan frá Varmá að Gljúfurá og suður með túnjöðrum að Ölfusá ásamt Arnarbæliseyjum, þaðan í vestur að Hrauni. (2) Ölfusforir eru víðáttumiklar, blautar engjar með miklu og fjölskrúðugu fuglalífi. Varmá hefur mikið vísindalegt gildi." Á breytingartillögunni er vegurinn færður í suðvestur átt frá núverandi vegstæði. Við þá breytingu þyrfti að brúa Varmá að nýju sem myndi hafa töluvert rask í för með sér og einnig myndi vegurinn fara yfir Ölfusforir sem er mikilvægt votlendi. Í bókinni Íslensk votlendi, verndun og nýting, eru votlendi á Íslandi flokkuð í A, B og C flokk. Í flokki A eru votlendi sem eru óröskuð með náttúrulegum jöðrum eða með einum eða tveim skurðum. Í B flokki eru votlendi með skurðum en hárrí vatnsstöðu og í C flokki eru


votlendi með skurðum og ummerki í landi sem sýna að vatnsstaða hafi lækkað. Ölfusforir eru flokkaðar í flokk B og er það votlendissvæði eitt af fjórum votlendissvæðum, hin eru Skálholtstunga, svæði við Apavatn og Reykjanes, á Suðurlandi þar sem finnast flestar sjaldgæfar plöntutegundir. Í fyrirnefndri bók er mælt með að þessi fjögur svæði verði rannsökuð betur vegna forgangsriðunar um friðun, en þar kemur einnig fram að áætlað er að í byrjun síðustu aldar hafi a.m.k. 1100 ferkílómetrar lands á svæðinu frá Ölfusi að Markarfljóti verið votlent en nú hefur um 97 % þessa lands verið raskað.


Umhverfisstofnun minnir á að í stefnumótun íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi, **Velferð til framtíðar: Áherslur 2006 - 2009**, en þar er eitt af markmiðum til verndar náttúru Íslands að gerð verði áætlun um aukna endurheimt votlendis. Einnig vill Umhverfisstofnun benda á að samkvæmt 37. grein laga nr 44/1999 um náttúruvernd, njóta mýrar og flóar sem eru 3 hektarar eða stærri sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.

Niðurstaða.

Miðað við fyrirliggjandi gögn mun sú tilfærsla á þjóðvegi 1 á svæðinu frá Kömbum að Ingólfsfjalli sem felst í breytingartillögunni hafa í för með sér óafturkræfa röskun á Varmá og Ölfusforum. Varmá er einstök á sem hefur mikið vísindalegt gildi og Ölfusforir eru votlendi með óvenju miklum fjölda sjaldgæfra plantna. Samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um mat á röskun/endurheimt votlendis vegna vegaf framkvæmda og ef gera má ráð fyrir að vegalengd þar sem nýtt vegstæði fer yfir Ölfusforir séu 2 kílómetrar, þá er röskunin alls 150.000 fermetrar eða 15 hektarar. Umhverfisstofnun telur því að nýta eigi núverandi vegstæði og þá þverun sem þegar hefur verið gerð á Varmá og hlífa votlendissvæðinu við þeirri röskun er felst í fyrirliggjandi breytingartillögu.

Virðingarfyllt


 Kristín S. Jónsdóttir
 Sérfræðingur


 Guðríður Þorvarðardóttir
 Deildarstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun